

Nd.

374. Frumvarp

til laga um toll af póstsendingum, sem koma til Íslands frá útlöndum.

Flutningsm.: Björn Kristjánsson, Bjarni Jónsson frá Vogu og
Þorleifur Jónsson.

1. gr.

Greiða skal í landssjóð, auk venjulegs burðargjalds, toll af hverjum
póstbögli, sem kemur til landsins frá útlöndum, sem hér segir:

1. Af böglum, sem vega allt að 5 pundum, 10 aura.
2. Af böglum, sem vega yfir 5 pund að 10 pundum, 20 aura.

2. gr.

Toll þennan greiðir viðtakandi með frimerkjum um leið og hann tekur
við böglinum, og skal pósthúsið, sem afhendir viðtakanda böggul, líma þau
á böggulinn og stimpla þau á venjulegan hátt.

Af póströfusendingum, sem eru endursendar til útlanda, skal engan
toll greiða, né af prentuðum blöðum og bókum.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1912.